

Júní Pési

173 tbl. 14. Árgangur júní. 2004
Útgefandi Hrunamannahreppur.
E-mail pesi@fludir.is
Sími: 480-6600

Næsti Pési kemur út 13 ágúst

Skilafrestur á efni er til 9. ágúst.

Athugið! Pésinn kemur ekki út í júlí.

Kæru sveitungar

17.júní hátíðarhöldin munu
hefjast kl 13:30.

Dagskráin verður nánar
auglýst með dreifibréfi

Kveðja
Nefndin

Ritstj Ísólfrur Gylfi Pálmason
Sími:486-6617
-6617 . Hs. 4863410

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

ADALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

mánud-
föstud. kl.
16.00

Nánari
upplýsinga
r Jóh.

Unnar
Guðmund
sson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Til sölu

4.stk. 35 tommu dekk á álfelgum til sölu
Sími 893-1454.

Skautar númer 36 og 39 og skíðaskór
númer 40, til sölu.
Sími 486-6604 eftir kl 18:00

Réttingar.

Get tekið að mér allar bílaréttingar.
Er staðsettur í Reykjavík.
Upplýsingar í síma 866-2168 Himmi

**Vel með farinn hornsófi + stóll til
sölu. Drapplitað úr plussi og sérlega
vel með farið.**

**Upplýsingar veitir Jónína
í síma 865-3577.**

Rúllubinding/Pökkun

Tek að mér rúllun og pökkun á heyi
Gunnlaugur Magnússon
GSM: 863-5201

Tilkynning.
Nuddstofa Elsu er lokuð
vegna sumarfría frá
24 júní til 3. ágúst
Else Nielsen

**Skrifstofan er opin,
frá kl 9-12 og 13-16.
Mánudaga til föstudaga**

Frá Íþróttahúsinu

Opnunartími í sumar.

Mánudaga til fimmtudaga
KL. 17:00-19:30

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími frá 1. júní:

Mánudaga til föstudaga 10:00-22:00
Laugadaga og sunnudaga 10:00-19:00

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna Sumaropnun

Mánudaga 20:00-21:00
Miðvikudaga 16:00-18:00



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
18. júní..2.júlí
og 16.júlí

Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Mánudaga til föstudaga

Frá: Vöruflutningamiðstöðinni

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Annast einnig flutning á áburði og skeljasandi

Pálmár: 892-2370

Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludal@hvippinn.is



Pakklátar stelpur!

Þann 18. maí síðastliðinn fóru fjögur íslensk landslið í körfubolta til Svíþjóðar, til að taka þátt í Norðurlandamóti. Íslendingar komu heim með þrjá Norðurlandameistaratitla af fjórum mögulegum, en það er besti árangur Íslands til þessa.

Við viljum þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem tóku þátt í að styrkja okkur til fararinnar

Ingibjörg Skúladóttir og Eva Dís Ólafsdóttir

U.M.F.H.

SMÁRI



Jæja þá er úrtakan búinn og það næsta tekur við. Nú er eins og margir vita reiðnámskeið í gangi fyrir krakkana

og er þátttakan mjög góð eða 43 skráðir. Ég ætla að minna á vinnuna á landsmótinu ef einhver hefur áhuga og ekki verður orðið of seint að skrá sig þegar þetta kemur út. Síðan er það Murneyrarmót sem nálgast en það verður auglýst nánar þegar nær dregur. Upp hefur komið áhugi á að halda reiðnámskeið fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna þ.e. fullorðna og er það gott mál ef þátttaka fæst í það, tímasetningin er ekki alveg ráðin en verið er að hugsa um miðjan júlí en það verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Formaður

**Sveitaball, -
það jafnast ekkert á við sveitaball.
Takk fyrir skemmtunina.
Harri**

Árið 2004 miðvikudaginn 12. maí kl. 14.00 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman í fundarsal ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson, Unnar Gíslason og Sigurður Ingi Jóhannsson sem setti fundinn og stjórnaði honum. Ísólfrur Gylfi Pálmason skráði fundargerð. Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Ársreikningar Hrunamannahrepps 2003

(fyrri umræða). Oddviti bauð Einar Sveinbjörnsson, endurskoðanda KPMG velkominn til fundarins. Einar fór yfir og kynnti ársreikninga Hrunamannahrepps ársins 2003 og sundurliðun hans. Einnig

lagði Einar fram skýrslu um endurskoðun sveitarfélagsins þar sem farið er yfir skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar reikninganna, reikningsskilaaðferðir, fjárhagsáætlun 2003 og helstu frávík og rekstur, fjárheimildir samkvæmt áætlun og fjárhagsstöðu í árslok.

2. Fundargerðir Hitaveitu Flúða – 25. 26 fundir.

Oddviti kynnti fundargerðirnar. Þar er fjallað um ársreikning veitunnar, innheimtumál, vatnsnotkun o.fl. Hitaveitan hefur sótt um styrk til Orkusjóðs vegna kortlagningar jarðhita o.fl. Þá er rætt um skipulagningu vinnu í áhaldahúsi. Helstu framkvæmdir sumarsins eru kynntar í fundargerðinni.

3. Ferðamálanefnd Hrunamannahrepps – frá 15. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað um hugmyndir um vatnagarð, gönguleiðakort og fund ferðaþjónustuaðila vegna "Íðandi daga" o.fl.

4. 48. fundur Æskulýðs- og íþróttanefndar frá 23. apríl.

Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað um framtíðarnýtingu skólahúsnæðis. Nefndin er jákvæð á þörf skólans fyrir aukið skólahúsnæði.

5. Staðfesting aukasorpgjalda á stærri atvinnurekstur fyrir árið 2003.

Oddviti kynnti tillögu um aukasorpgjöld í sjö flokkum frá 11.000 uppí 200.000 kr. en gjöld þessi eru innheimt eftirá. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.

6. Nýting og breytingar á nýtingu skólahúsnæðis. Oddviti lagði fram samantekt Guðjóns Árnasonar, skólastjóra um framkvæmdir við Flúðaskóla þar sem gerðar eru tillögur um flutninga á kennslustofum o.fl. Einnig er lagt fram kort af skólalóð þar sem Finnur Kristinsson, landslagsarkitekt gerir tillögu að útfærslu á lóðinni. Þá er lagt fram minnisblað frá skipulagsnefnd skólalóðar frá 10. maí s.l. þar sem fjallað er um tillögurnar. Hreppsnefnd samþykkir tillögu um að verkgreinakennsla færist í gamla leikskólann. Einnig er samþykkt að færa raungreinakennslu í íbúð skólastjóra m.t.t. breytinga sem þarf að gera á húsnæðinu.

7. 114. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands

Oddviti kynnti fundargerðina.

8. 73. fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.

Oddviti kynnti fundargerðina.

Til kynningar:

- a. 713 fundur stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga.
- b. 65. fulltrúaráðsfundur Smab. ísl. sveitarféla.
 - Sveitarstjóri lagði fram niðurstöður úttektar á sjálfsmatsmeðferðum grunnskóla frá 2001 – 2003 frá Menntamálaráðuneytinu. Skýrslan hefur verið send fræðslunefnd.
 - Oddviti kynnti skýrslu sem Sigurður H. Magnússon hefur

tekið saman fyrir um landnýtingar- og landgræðsluáætlun 2004-2008. Skýrslan er mjög faglega unnin og er Sigurði og samstarfshóp um landgræðslumál þakkað einstakt starf. Hreppsnefnd hvetur íbúa hreppsins til þess að taka þátt í þessu mikilvæga starfi.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 16.10.

Flúðasveppir 20 ára.

Um þessar mundir er þess minnst að 20 ár eru liðin frá því að Ragnar Kristjánsson stofnaði fyrirtækið Flúðasveppi, hér á Flúðum. Fyrstu sveppirnir úr framleiðslu hans komu á markað 19 mars 1984. Hann leitaði fyrir sér um lóðir víða en forsvarsmenn þessa sveitarfélags voru framsýnir og höfðu skipulagt garðyrkjulóðir, en Ragnar fékk einmitt eina slíka hér á Flúðum þar sem hann hefur byggt upp fyrirtæki sitt af miklum myndarskap ásamt konu sinni Mildrid Steinberg. Ég minnst þess að Jónas Kristjánsson, þá ritstjóri DV og nú jarðareigandi hér í Hrunamannahreppi skrifaði gjarnan á þessum tíma um veitingahús, þjónustu og þann mat sem hann fékk í viðkomandi húsi á þessum tíma. Einhverju sinni skrifaði hann um dýrindisrétt sem hann hafði borðað og gerði athugasemd við að sveppirnir sem steikinni fylgdu voru úr dós. Einhverjir gerðu mikið grín að þessu en flestir Íslendingar þekktu ekki annað en niðursoðna erlenda sveppi á þessum árum

Nú er öldin önnur, Íslendingar neyta mikils magns ferskra sveppa og þeir þykja í raun nauðsynlegir með flestu því sem við borðum í dag. Þannig henta þeir með lambakjötinu, fiskinum, pitsum og fleiru því sem við borðum. Það þarf dirfsku, áræði og kjark til þess

að vera frumkvöðlar í atvinnulífi og brydda upp á nýjungum. Það hafa þau hjón Mildrid og Ragnar svo sannarlega gert. Í upphafi var mánaðarframleiðslan 500 kg. en nú eru framleidd milli 9 og 10 tonn af sveppum á viku. Það hefur svo sannarlega verið þörf fyrir þessa framleiðslu á Íslandi. Á síðasta ári fékk fyrirtækið umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps en þau hafa kappkostað að ganga sem best um enda á það að sjálfsögðu að vera aðalsmerki matvælafyrirtækja og reyndar allra sem fást við atvinnurekstur. Íbúar Hrunamannahrepps óska þeim hjónum til hamingu og áframhaldandi velgengni á þessum tímamótum.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

sveitarstjóri

Stuttar fréttir frá hreppskrifstofu.

Forframaður Pési!

Þetta litla rit sem er svo ótrúlega mikið lesið er að forframast. Nú er hægt að nálgast það á netinu en Elín Jóna Traustadóttir hefur verið ötul að hjálpa okkur við að uppfæra heimasíðu hreppsins sem leitt hefur til þess að tæknin hefur náð tökunum á Pésanum. Í raun má segja að hægt sé að lesa Pésann eins og Morgunblaðið hvar í veröldinni sem við erum með hjálp tölvutækninnar.

Iðandi dagar á næsta leiti

Undirbúningur ferðamálanefndar að Iðandi dögum er í fullum gangi. Eins og hreppsúar e.t.v. vita er Anna K. Ásmundsdóttir höfundur þessara daga og hefur safnað að sér hugmyndum víða að og útfært með aðstoð fjölmargra áhugasamra manna sem hafa lagt gjörva hönd á plóginn. Þannig er t.d. Traktorstorfæran og furðubátakeppnin eitthvað sem flestir landsmenn kannast við frá Iðandi dögum. Gaman væri að fá að vita hverjir eru höfundar þeirra hugmynda? Að þessu sinni mun Anna ekki verða í forsvari fyrir hópinn hins vegar er Sólmundur Friðriksson og Unnsteinn Eggertsson á fullu við undirbúninginn ásamt ýmsu öðru góðu fólki

sem tengist ferðamálum í hreppnum. Vert er að þakka Önnu fyrir frumkvæði sitt í þessum efnum sem vonandi á eftir að lifa áfram. Ákveðið er að efna til þessara daga 25.- 27. júní n.k. og svo aftur um verslunarmannahelgina. Sagan segir að Sólmundur sem einu sinni lék með Geirmundi Valtýssyni sé þegar farinn að stilla gítarinn fyrir sönginn við varðeldinn.

Ferðaþjónustan alvöru atvinnugrein!

Hrunamannahreppur er paradís ferðamannsins. Í ljós hefur komið að 84 % þeirra ferðamanna sem heimsækja Flúðir og nágrenni eru Íslendingar. Þetta kemur fram í mjög merkilegri skýrslu sem ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu hefur haft veg og vanda að ásamt Rögnum Guðmundssyni ferðamálafræðingi. Skýrslan nefnist Gæði og gestrisni og fjallar um framtíðarskipan ferðamála hér í uppsveitum. Ferðaþjónusta hér í hreppnum er ótrúlega fjölbreytt. Hér er myndalegt hótél, bændagisting, hestaleiga, góð aðstaða til golfiðkunnar og annarra íþróttar, listmunagerðir o.m. fl. Þess vegna er full ástæða til þess að gera sér grein fyrir því að þessi atvinnuvegur hefur mikið að segja fyrir land og þjóð.

Landnýtingar og landgræðsluáætlun 2004 – 2008.

Á síðasta ári skipaði sveitarstjórn Hrunamannahrepps samstafshóp um landgræðslumál. Í hópnum voru Unnsteinn Hermannsson sem var formaður, Bjarni Valur Guðmundsson, Ólafur Stefánsson, Hörður Úlfarsson, Loftur Þorsteinsson, Steinar Halldórsson og Jón Óli Einarsson. Einnig sat í hópnum Sigurður H. Magnússon sem unnið hefur afar merkilega skýrslu um landgræðslu og landnýtingarmál en skýrslan liggur frammi á skrifstofu hreppsins og hefur einnig verið send Landgræðslu ríkisins. Vinna nefndarinnar og skýrslan eru til mikillar fyrirmyndar og hefur Sigurður H. Magnússon gefið vinnu sína við ritun og samantekt hennar og kann Hrunamannahreppur honum bestu þakkir fyrir. Þá er og vert að þakka öðrum nefndarmönnum fyrir mjög gott starf sem á eftir að nýtast okkur vel á komandi árum. Þegar blásið verður til landgræðsluferðar nú í júní eru íbúar eindregið hvattir til þess að taka þátt í landgræðslustarfinu. Landbótaáætlunin er fyrst og fremst gerð vegna sauðfjárræktar og eru þeir bændur sem tilbúnir eru að leggja fram vélar og áburðardreifara hvattir til þess að hafa samband við Unnstein Hermannsson, sem mun stjórna þessu starfi.

Kaldavatnsnotkun.

Einhver góður maður sagði við mig að kalda vatnið hér í Hrunamannahreppi væri ekki síður dýrmætt en heita vatnið. Á undanföllum árum hefur sveitarfélagið verið að efla vatnsveitu hreppsins á ákveðnum stöðum. Af þessu hefur hlotist mikill kostnaður eins og gefur að skilja því tekjur af vatnsveitu eru litlar miðað við tilkostnað. Brýnt er að við förum gætilega í kaldavatnsnotkun yfir heitasta tímann og að við látum ekki kalda vatnið renna að óþörfu.

Tómas Þórir heiðraður!

Rauði-Krossinn hélt aðalfund sinn í Árnassýslu í maí s.l. Tómas Þórir Jónsson hætti sem formaður Árnassýsludeildar og sem þakklætisvott fyrir störf sín var hann sæmdur gullmerki Rauða-Krossins auk þess sem hann fékk forláta gullúr í viðurkenningarskini. Tómas Þórir er vel að þessari viðurkenningu kominn og við óskum honum til hamingju.

Rusladagurinn tókst vel!

Vel tókst til með rusladaginn á föstudag fyrir Hvítasunnu. Öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn og lögðu til dráttavélar, bíla og tæki og tól er þakkað. Ruslamálaráðherra stjórnaði sínu liði með “grænu höndinni” og fórst það vel. Nú er bara að halda áfram hreinsunarstarfinu til þess að gera umhverfið hér enn snyrtilegra, því víða mætti gera enn betur.

Kurlarinn á staðnum.

Um þessar mundir er hér kurlari sem fólk getur fengið afnot af til þess að kurla niður trjábolli, greinar og þvíumlíkt. Kurlarinn er í eigu Sorpstöðvar Suðurlands en Tómas Þórir hefur vega og vanda af notkun hans. Fólk er hvatt til þess að nýta sér þessa þjónustu því kurlarinn er hér einungis í fáeina daga.

Nýr golfvöllur í Ásatúni!

Þau hjónin Grímur og Guðbjörg hafa ekki setið auðum höndum í vor. Þau eru á fullu að vinna að því að byggja upp nýjan glæsilegan golfvöll í Ásatúni með tilheyrandi aðstöðu. Einhver gárunginn kallaði þetta Grímsævintýri en vonandi fer þetta ævintýri vel eins og öll góð ævintýri eiga að gera. Við náum því væntanlega að slá

Íslandsmet í golfvöllum, miðað við mannfjölda, því í hreppnum er fyrir ágætis golfvöllur í Efra-Seli en golf verður sífellt vinsælla hér á landi og þátttakendum fjölga sífellt.

Unglingavinna

Unglingavinnan hefst mánudaginn 14. júní. Þeir sem hafa skráð sig í vinnu eiga að mæta við Áhaldahús Hrunamannahrepps mánudaginn 14. júní n.k. kl. 9.00. Unnið verður frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 09.00 til 12.00. Umsjónarmaður unglíngavinnunnar verður Hrund kennari sem er reynd á þessum sviðum hefur m.a. verið flokksstjóri unglíngavinnunnar á Selfossi. Laun eru greidd sem hér segir: Unglingar fæddir 1991 fá kr. 255 á tímann, þeir sem fæddir eru 1990 fá kr. 302 á tímann og þeir sem fæddir eru árið 1989 fá kr. 349 á tímann ofan á launin kemur 10,17% orlof. Vonandi tekst vel til með unglíngavinnuna í ár en hún stendur til 22. júlí.

Tapast hefur ljós bleikálóttur hestur 13 vetra úr girðingu á Flúðum 7 júní s.l. Með uppslátt á skeifum. Upplýsingar í síma 486-6079 og 848-0969

Bændur og hestamenn.

Okkur vantar mikið af hrossum í sumar. Látið okkur þjálf hrossin ykkar, þannig að þið verðið vel ríðandi á þjálfuðum hestum, í hestaferðum og/eða á fjallinu í haust!! Tökum aðeins við tömdum hrekklausum hestum. Upplýsingar í síma 486-6079 og 848-0969

Frá Ungmennafélaginu
Æfingagallana er hægt að panta beint hjá
Jako Íþróttavörum (Jóhann Guðjónsson)
Sími 566-7310

Hana Grímu, sem er 4. ára hreinræktuð íslensk tík

bráðvantar heimili sem allra fyrst
Upplýsingar í síma 894-7617 Harri

Hótel Flúðir

verða með 17.júní hlaðborð
kl. 15-17.

Hlaðborðið svignar undan
kræsingum.

kr. 1.550.- fyrir fullorðna

kr. 800.- fyrir 6-12 ára

Starfsfólk Hótel Flúða óskar
öllum Gleðilegrar Þjóðhátíðar.

2004 miðvikudaginn 9. júní kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar í fundarsal Ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson, Unnar Gíslason og Sigurður Ingi Jóhannsson sem setti fund og stjórnaði honum. Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri skráði fundargerð Í upphafi óskaði oddviti eftir að leggja fram eftirfarandi gögn til viðbótar fundarefninu: Bréf skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, fundargerð USU nefndar, bréf vegna Iðandi daga einnig bréf frá sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps vegna brunavarna. Einnig mætti til fundarins Björgvin Guðmundsson, frá KPMG Endurskoðun . Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð eða þau viðbótargögn sem lögð voru fram. Því næst var gengið til dagskrár sem eftirfarandi.

Dagskrá:

- 1. Kosning oddvita og varaoddvita. Gerðar voru tillögur um Sigurð Inga Jóhannsson sem oddvita og Eirík Ágústsson sem varaoddvita. Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða.**
- 2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2004. Til fundarins mætti Björgvin Guðmundsson endurskoðandi hjá KPMG og fór yfir helstu forsendur breyttrar fjárhagsáætlunar. Þar eru m.a. leiðrétt tekjuáætlun þar sem tekjur virðast verða lægri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun. Eftir umræður var endurskoðuð fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.**
- 3. Þriggja ára áætlun 2005-2007,- fyrri umræða. Björgvin kynnti helstu forsendur þriggja ára áætlunar. Þar er reiknað með 2% hækkun gjalda miðað við áætlun 2004, 3% hækkun tekna aðalsjóðs, 2% hækkunar tekna miðað við áætlun 2004 annarra sjóða. En fleiri forsendur koma fram í framlögðum gögnum. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir fjárfestingum. Miðað við áætlunina verður rekstur sveitarfélagsins jákvæður frá árinu 2006. Fram kom að okkar sveitarfélag stendur svipað og mörg önnur sveitarfélög sem KPMG endurskoðar hvað reksturinn varðar. Áætluninni er vísað til annarrar umræðu.**
- 4. Ársreikningar Hrunamannahrepps 2003 (síðari umræða)- afgreiðsla. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun vegna ársreikningsins. "Eins og í flest öllum sveitarfélögum af sömu stærðargráðu og Hrunamannahreppur hefur rekstur þeirra þyngst verulega á síðustu árum samhliða stórauðinu þjónustu við íbúanna. Þetta kemur glögg fram í ársreikningi ársins 2003. Þetta gerir það að verkum að fjármagn til fjárfestinga og framkvæmda er og verður mjög takmarkað næstu árin að óbreyttu. Því er nauðsynlegt að horfa nánar á nokkra rekstrarþætti sveitarfélagsins með tilliti til aðhalds og hugsanlegra breytinga á þjónustu. Helstu málaflokkar sem skoða þarf eru hreinlætismál (sorphirða og sorpförgun) einnig félags- og fræðslumál. Þá þarf að skoða rekstur í B hluta fyrirtækjum s.s. vatnsveitu og félags- og leigu íbúðum á vegum sveitarfélagsins. Fræðslumálin eru lang útgjaldafrekasti liður sveitarfélagsins. Því þarf sífellt að huga að aðhaldi í rekstri hans. Í ljósi þeirra nauðsynlegru framkvæmda sem fyrirhugaðar eru við grunnskólann beinir sveitarstjórn því til fræðslunefndar og skólustjórnenda að lækka útgjöld um allt að 5%. Þeir fjármunir sem**

sparast yrðu nýttir til framkvæmda við grunnskólann.” Því næst samþykkti sveitarstjórn reikninginn með undirritun sinni.

5. Fundargerðir Hitaveitu Flúða – 27.fundur. Oddviti kynnti fundargerð veitustjórnar frá 7. júní s.l. Þar er fjallað um gjaldskrárhækkun sem tekur mið af byggingarvísitölu eins reglur gera ráð fyrir og hefur verið staðfest af Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, almennan rekstur, innheimtumál, vatnsnotkun og kaldavatnsöflun. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
6. Lóðaumsókn frá Guðmundi Magnússyni. Oddviti kynnti bréf dagsett 28 maí þar sem Guðmundur Magnússon trésmíðameistari sækir um lóð við Norðurhof. Jafnframt óskar Guðmundur eftir að fá að byggja parhús á lóðinni. Viðkomandi lóð er raðhúsalóð og ef engin eftirspurn er eftir lóðinni sem slíkri samþykkir sveitarstjórn að úthluta lóðinni til Guðmundar að undangenginni deiliskipulagsbreytingu.
7. 6. oddvitafundur Laugaráslæknishéraðs frá 6. maí. Oddviti kynnti fundargerðina sem fjallar um útgáfumál, markaðsmál,

starfslýsingar sem sveitarstjórar eru að vinna fyrir starfsmenn sveitarfélagana, starfsmannahald og hugmyndir um vinabæjarhugmyndir.

8. 5. fundur Byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu frá 18. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina þar eru lagðar fram 6 teikningar úr Hrunamannahreppi og ein afgreiðsla. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
9. Sorpstöð Suðurlands – aðalfundur frá 4. maí. s.l. Oddviti kynnti fundargerðina
10. 65. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 26. maí. Oddviti kynnti fundargerðina þar er m.a. samþykkt gjaldskrá vegna sorphirðu í Hrunamannahreppi og vatnsverndarsvæði.
11. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 236.– 237.–238.-239.-240. fundir – vorsins 2004 Oddviti kynnti fundargerðirnar.
12. 24. aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands. Oddviti kynnti fundargerðina
13. Samþykktir um sorphirðu og sorpeyðingu í Hrunamannahreppi. Oddviti kynnti drög að samþykktum um sorphirðu og sorpeyðingu í hreppnum dagsett 8. júní 2004. Hreppsnefnd samþykkir drögin.

14. Fundargerð USU nefndar frá 1. júní s.l. Þar er fjallað um mörg álitamál sem tengjast aðalskipulagsvinnunni. Á fundinn mættu m.a. Gylfi Guðjónsson, og Hrund Skarphéðinsdóttir, arkitektar. Þar er m.a. fjallað um erindi Árna Hjaltasonar um deiliskipulagsmál vegna hugsanlegrar stækkunar á Útlaganum. Í fundargerðinni er ekki mælt með breytingum á fyrra skipulagi. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að bjóða Árna aðra valkosti. Hreppsnefnd samþykkir niðurstöðuna, Unnar Gíslason sat hjá.
15. Bréf skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu vegna golfvallar og bráðabirgða golfskála í Ásatúni. Oddviti kynnti bréfið og meðfylgjandi teikningar, yfirlitsuppdrátt og aðstöðumynd. Hreppsnefnd samþykkir framkomnar tillögur og teikningar skv. 3.tl. viðauka við Skipulags-og byggingarlög. Hreppsnefnd samþykkir jafnframt að heimila auglýsingu deiliskipulags golfvallarins en beinir því til skipulagsfulltrúa að hann leiðbeini hönnuði um lagfæringar á yfirlitsuppdrætti þannig að hann uppfylli kröfur um deiliskipulag. Bygginganefnd uppsveita Árnassýslu hefur þegar veitt byggingaleyfi fyrir húsunum með

fyrirvara um að skipulagið sé komið á hreint.

16. Bréf frá fulltrúum undirbúningshóps um Iðandi daga á Flúðum. Oddviti kynnti bréfið sem undirritað er af Unnsteini Eggertssyni og Sólmundi Friðrikssyni. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að koma að Iðandi dögum með því að leggja fram aðstöðu og aðstoð við leyfisveitingar, framlag hreppsins um gæslu í gegnum samning við Björgunarfélagið Eyvind, vinnu ferðamálafulltrúa o.fl. Hreppsnefnd samþykkir hins vegar ekki að greiða laun vegna Iðandi daga.

Til kynningar:

- Bréf Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna aðildar hreppsins að Brunavörnum Árnassýslu.
- Bréf til Sinfoníuhljómsveitarinnar
- Lánasjóður sveitarfélaga – lánveiting 2004
- 193. fundargerð Launanefndar sveitarfélaga
- Menntamálaráðuneytið – auglýsingar í grunnskólum
- Bréf frá starfshópi um kálæxlaveiki.
- Bréf frá Skólaskrifstofu Suðurlands v. sérfræðipjónustu. Bréfinu vísað til fræðslunefndar.
- Ályktanir frá Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands

▪ **Bréf frá Íslenskum fasteignum**

Fleira ekki rætt fundi slitið kl.23. 45

Kvennareiðtúr 19.júní 2004

Jæja stelpur nú er komið að því !
Brottför laugardaginn 19.júní kl: 15:05 frá Flúðum.
Förum út í Auðsholt, upp Hvítárbakka og heim á
Ísabakka, þar mun biða okkar matur og með því. kr:
1.000,- Muna eftir hestunum og smurningnum.

Þáttaka tilkynnist til
Möggu 864-2184 og Elsu 690-6024
fyrir 17.júní.

Ágætu félagar

Eftir úrtökumótið um síðustu helgi er orðið ljóst hverjir
fara á landsmót fyrir okkur.

A flokkur.
Hestur
Knapi

Eigandi



Sólon fr. St.Hofi	Jörðin Jaðar	Þórður Þorgeirsson
Gjafar fr. Ásólfstöðum.	Sigurður P Ásólfss.	Hinrik Bragason
Tvistur fr. Glúmstöðum	Sveinn Þ Gunnarss.	Lára Magnúsdóttir

B flokkur

Kolviður fr. Skeiðháholti	Jón Vilmundarson	Sigurður V Matthíasson
Týr fr. Skeiðháholti 3	Bjarni G Bjarnason	Sigurður Ó Kristinsson
Glanni fr. Ægissíðu	Jörðin Jaðar	Trine

Ungmenna flokkur

Kólga fr. Háholti	Stefán Sigurðsson	Ragnheiður Másdóttir
-------------------	-------------------	----------------------

Unglingaflokkur

Máti fr. Sóleyjarbakka	Porkell Þorkelsson	Guðríður E Þórarinsdóttir
Léttir fr. Vestra Geldingarholti	Sigfús Guðms. og Rosmarie	Margrét Jakobsdóttir
Urður fr. Hrafkelsstöðum	Jóhanna B Ingólfsdóttir	Helga H Sigurðard

Barnaflökkur

Kveikja fr. Hæl	Sigurður Steinþórss.	Jóhanna H Sigurðard.
Gustur fr. Enni	Margrét Steinþórsd.	Guðmunda E Sigur.

Frá fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins.

Fyrirhugað er að gefa út uppskriftabækling til fjáröflunnar. Við viljum biðja ykkur kæru kvenfélagskonur að senda okkur, ykkar uppáhaldsuppskriftir fyrir 1. júlí nk. Þær sem taka á móti uppskriftunum eru Barbara í Ási og Lilja á Grafarbakka. Berist margar líkar uppskriftir, áskiljum við okkur rétt til að velja úr þeim.

Með von um góð viðbrögð.

Fjáröflunarnefndin.

P.s. Um leið viljum við fá frá ykkur tilnefningar um nafn bókarinnar

Keramik-kastalinn ehf



Allt fyrir keramikunnendur

Höfum til sölu mikið úrval af ómáluðum
keramikvörum, penslum og litum.

Keramik-kastalinn ehf

Högnastíg 56, 845 Flúðir
Sími: 471 3899, 486 6700
Gsm: 898 6678
Opíð frá kl. 13-17 eða eftir
samkomulagi

Hana Grímu, sem er 4. ára hreinræktuð islensk tík
bráðvantar heimili sem allra fyrst
Upplýsingar í síma 894-7617 Harri

Baggplast ,
net ga plast , net , garn og f

Verðlisti 2004

VÖRUHEITI:

VERÐ Á

PLAST 500MM X 1800M

PLAST 750MM X 1500M

PLAST 750MM X 3100M FORSTREKKT

BINDIGARN 130M/KG (STÓRBAGGAR)

BINDIGARN 400M/KG (BAGGAR)

BINDIGARN 750M/KG (RÚLLUR)

BINDINET 123CM X 2100M - JD	11.800	14.691
BINDINET 123CM X 3000M - ULITH	15.900	19.795
BAGGALÍMBAND 100MM X 10M HVÍTT	342	426
BAGGALÍMBAND 150MM X 10M HVÍTT	486	606
BAGGABÆTUR 150x100 - 240 BÆTUR	1.250	1.556
BAGGABÆTUR 225X150 - 100 BÆTUR	1.280	1.594

**PLASTIÐ ER FÁANLEGT Í HVÍTUM OG LJÓSGRÆNUM LIT.*

**VERÐ Á GARNI MIÐAST VIÐ 2 RÚLLUR Í PAKKA*

Staðgreiðsluafsláttur 5% (greitt með IK seðli innan 20 daga)

Brettaafsláttur (1 bretti) 3%

Brettaafsláttur (2 bretti +) 5%

Jón Viðar , Dalbæ 1 . Sími - 898 - 1468 .

